


Kortagrunnur er byggður á gögnum frá Landmælingum Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og fleirum. Kortið er skannað úr bókinni Kortabók Íslands 2001 - 02, sem gefin er út af Mál og Menningu 2001.

**Yfirlitsuppdráttur**
mkv. 1: 25 000




**Stíflumannvirki Hvestuár**
mkv. 1: 2 000




**Stíflumannvirki Þverár**
mkv. 1: 2 000




**Deiliskipulag 1:5000**

## Hvestuvirkjun, skipulagsskilmálar

Fyrirhuguð er virkjun Þverár og Hvestuár í Hvestudal við Arnarfjörð. Áformað er að virkja 570 kW í Hvestuá og 870 kW í Þverá, eða samtals um 1440 kW. Aðkoma að stöðvarhúsi er um núverandi veg, en fyrirhugað er að leggja um 1500 m langa vegslóða frá stöðvarhúsi að stíflunum. Engir aðflutningar af efni eru nauðsynlegir til vegagerðarinnar. Að loknum virkjunarframkvæmdum verður vegslóða eytt og landið grætt upp. Stofnlögn mun liggja meðfram núverandi vegi að stöðvarhúsi.

Hvestustíflan verður í um 150 metra hæð yfir sjávarmáli og Þverárstíflan í um 212 metra hæð. Stíflan við Hvestuá verður um 17 m löng og stíflan við Þverá um 25 m löng. Stífluveggir verða ekki hærri en 2 m.

Stærðir lóna við stíflur; Lón við Hvestuá: 1500 m2 / 2300 m3. Lón við Þverá: 4000 m2 / 5500 m3

Stöðvarhús verður í um 720 m fjarlægð frá Þverárstíflu og 1015 m fjarlægð frá Hvestustíflu og í 10 m hæð yfir sjávarmáli. Byggingarreitur stöðvarhúss er 15 x 15 m og á honum má byggja allt að 225 m2 hús að grunnfleti. Húsið verður allt á einni hæð. Hæsta leyfilega þakhæð yfir aðalgólfi verði 6 m*.

Litir húss skulu falla að umhverfi.

Gæta skal að verndun umhverfis við allan frágang og umgengi um svæðið.

Sjá einnig greinargerð frá Íslenskri Orkuvirkjun ehf varðandi tæknileg atriði virkjunarinnar.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 12. nóvember 2003 [signature]

Deiliskipulag unnið á loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf.

*Afgreitt af Skipulagsstofnun skv. 3. tl. bráðabirgða-ákvæða skipulags - og byggingarlaga nr. 73/1997.

**Skýringar:**

- Skipulagsmörk
- Vegur / vegslóði
- Safnskurður - veitir vatn í lón
- Aðveiturör frá stíflu að stöðvarhúsi
- Stofnlögn frá stöðvarhúsi
- Stíflulón
- Ár og lækir
- Byggingar
- Byggingarreitur fyrir nýrri rafstöð

# HVESTUVIRKJUN
Fremri Hvesta við Arnarfjörð

DEILISKIPULAG

DEILISKIPULAG

Teikn.nr.: A1.00

| | | |
|---|---|---|
| Útgáfa | 08.08.03 | Verknr. GK.030425 |
| Breyting | Dags. | Mkv.:1:1000, 1:50000 |
| - | - | |

GLÁMA·KÍM
Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

Jóhannes Þórðarson arkitekt FAÍ
kt: 121057-6039

Árni Kjartansson arkitekt FAÍ
kt: 040352-3099